

**1970 nr. 107 28. október****Lög um félagsheimili**

Upphaflega 1. 77/1947. Tóku gildi 1. janúar 1948. Endurútgefin, sbr. 3. gr. 1. 57/1970, sem 1. 107/1970. Breytt með 1. 54/1979 (tóku gildi 14. júní 1979) og 1. 87/1989 (tóku gildi 1. jan. 1990).

■ **1. gr.** [Með félagsheimilum er í lögum þessum átt við samkomuhús, sem ungmennafélög, verkalýðsfélög, íþróttafélög, lestrarfélög, bindindisfélög, skátafélög, kvenfélög, búnaðarfélög og hvers konar önnur menningarfélög, er standa almenningi opin án tillits til stjórnmalaskoðana, eiga og nota til fundahalda eða annarrar félagsstarfsemi, enn fremur samkomuhús sveitarfélaga. Sama gildir um sjómannastofur, sem sömu aðilar eiga og reka, sjálfstætt eða í tengslum við aðra starfsemi.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 54/1979, 1. gr.

■ **2. gr.** [Sveitarstjórn veitir byggingarstyrki til félagsheimila eftir því sem ákveðið er í fjárhagsáætlun sveitarstjórnar. Samþykki sveitarstjórnar skal liggja fyrir áður en framkvæmdir hefjast.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 87/1989, 51. gr.

■ **3. gr.** Eigendum félagsheimila, sem notið hafa byggingarstyrks frá ríki eða sveitarfélagi, er skylt að heimila öðrum félögum, sem falla undir 1. gr., afnot af húsinu gegn hæfilegu gjaldi ef það fer ekki í bága við notkun þeirra sjálfra. Rísi ágreiningur um rétt til afnota af félagsheimili eða um eðlilegt leigugjald skulu hlutaðeigandi sveitarstjórnir skera úr.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 87/1989, 52. gr.

■ **4. gr.** Óheimilt er að selja félagsheimili, sem styrkt hafa verið af ríki eða sveitarfélagi, án leyfis menntamálaráðherra og hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Óheimilt er að veðsetja félagsheimili, sem styrkt hafa verið, nema fyrir láni til greiðslu byggingarkostnaðar eða til endurbóta á eigninni.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 87/1989, 53. gr.

■ **5. gr.]**<sup>1)</sup> Sérhvert félagsheimili, sem byggt er með [opinberum styrk],<sup>1)</sup> skal vera sjálfstæð stofnun, og skulu settar reglur<sup>2)</sup> um rekstur og afnot þess, hvers og eins, og menntamálaráðherra staðfesta þær.

<sup>1)</sup> L. 87/1989, 54. gr. <sup>2)</sup> T.d. rg. 219/1973, 301/1976, 439/1985 og 440/1985.

■ **6. gr.** Menntamálaráðuneytið getur, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, ákveðið með reglugerð nánari skilyrði til styrkveitinga og önnur atriði er snúa að framkvæmd laganna.

□ Ágreiningi, sem verða kann um skilning á lögum þessum eða um framkvæmd þeirra, má skjóta til ráðherra.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 87/1989, 55. gr.

■ **7. gr.** Til Menningarsjóðs félagsheimila skal renna hluti af skemmtanaskatti. Sjóðurinn skal verja tekjum sínum til að stuðla að menningarstarfsemi í félagsheimilum. Heimilt er einnig, ef sérstaklega stendur á, að styrkja menningarstarfsemi sem fram fer utan félagsheimila.

□ Menntamálaráðuneytið skal fara með málefni sjóðsins.]<sup>1)2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 87/1989, 56. gr. <sup>2)</sup> Rg. 296/1990 (um Menningarsjóð félagsheimila).